



## BRÉF FRÁ BRETLANDI

(1908–1911)

### 1.

#### Til Edinborgar

Englandshafi, febrúar 1908.

Þá er komið á stað enn þá einu sinni og meir en það. Við erum búnir að kynnast skipinu („Sterling“), sem hefir sýnt sig að því að fara vel í sjó, og skipstjóranum, sem lætur sér annt um farsæld farþeganna. Sitthvað smávegis hefir maður auðvitað rekið sig á öðruvísi en ákjósanlegast væri. Þannig er til dæmis baðútbúnaðurinn í ólagi og mundi varla svo, ef farþegar væru enskir.

Við höfum heilsað upp á hina sædjörfu Vestmannaeyinga og litið upp til Suðurlandsfjallanna, sem horfðu í mót suður yfir hafið, gráföl og grettin undan illviðriskúfnum.

Félag hefir verið stofnað gegn sjóveiki, og það hefir farið um það eins og svo mörg önnur félög; það náði ekki tilgangi sínum. Félagarnir urðu allir sjóveikir.

Dag og nótt dunar niðri í skipinu. Eimknúin stálkrúfan snýst og snýst og spynir skipinu áfram. Þessi þungi dýnjandi minnir stundum á hjartslátt. Það er eins og skipið sé eins konar lifandi vera, keppin, þrásækin í sama horfið, þó að einhver aflmikil alda komi því til að geiga á rásinni.

Hvasst hefir verið alla ferðina og í gær var um dálítinn tíma jafnvel rok. Þá gaf á að líta. Ægir yggldist við veðrinu og tók á sig þann svip, er honum hefir þetta nafn fengið. Skipið fékk stundum högg, svo að það staðnæmdist alveg í svip, líkt og hestur, sem ætlar að fælast. Það eru sterk átök, er skrufunni snúa, sterk eins og tröllkonuhendurnar, sem slungu snúðga steini — eins og þar segir svo fagurlega — en engin furða er, þó að jafnvel eimvélín verði að lúta í lægra haldi fyrir, þó ekki sé nema litlum löðrungi þess afls, sem hefir molað niður heil lönd. Ógurlegar öldur virtust rísa upp nálægt skipinu. Þær urðu undarlega fattar, þar sem þær óðu áfram og skein í bláhvíta kollana, en brimhvíta faldana kembdi fram af líkt og ennislokk. Tætti stormurinn þá sundur, þegar hvassast varð, og feykti þeim burt og löðraði þá sær mjög.

## 2.

Edinborg.

Það eru mikil umskipti að koma utan úr hafauðninni og í stórborg. Allur þessi fjöldi af andlitum, sem fram hjá berst, hvert með sinn svip og sína sögu — og eigi aðeins sína, ef vér kynnum að sjá; öll þessi ósköp af vögnum og hvers konar kerrum, og nú á þessum síðustu árum bifreiðarnar, sem koma þjótandi eins og örskot á þögulum gúmmihjólum, en allt annað en þögular þó, því við og við gera ófreskjur þessar vart við sig með rödd, sem að ófegurð má helzt jafna til þess hljóðfæris, sem á Reykjavíkurmáli nefnist „brandlúður“. Ýmsum þykir mikið til Edinborgar koma fyrir fegurðar sakir, og telja Princes street, með hinni turnháu standmynd Scotts, eina af glæsilegustu götum í Evrópu. Og satt er það, að hér væri fagurt umhverfis, ef eins ljóst væri út að líta og stundum getur verið á Íslandi. En því fer nú fjarri, að svo sé. Edinborg ber ekki að ástæðulausu nafnið „auld reekie“. Og í andlegum efnum er hér að sumu leyti hálfskuggalegt líka. Hér fæddist þó David Hume, einn af þessum mönnum, sem eru hinn mesti sómi Breta, fyrirrennari Kants og honum ekki síðri að minnsta kosti. En hér, þar sem svo mikið er til af standmyndum, er engin mynd af

Hume (Hjúm). Að sumu leyti er Edinborg þó vísindabær. Hér hafa verið merkir læknar — ef ég man rétt, þá var það hér á háskólanum, sem Darwin á sínum tíma lagði stund á læknisfræði — og hér hafa verið merkir jarðfræðingar. Jarðfræðiskennarinn, sem nú er við háskólann, James Geikie, er einn af merkustu vísindamönnum Breta, tigulegur öldungur, brúnamikill og einkennilega skoðkur að sjá. Geikie býr í einni af þessum snotru og gluggastóru steinhöllum, sem standa í fríðum röðum í einu af úthverfum Edinborgar, þar sem efnaða fólkið býr. Geikie hefir, ef ég man rétt, eitthvað 15000 kr. í árslauð og mikinn tíma afgangsbættisstörfum sínum til að rita og iðka vísindi. Veggirnir í starfsherberginu hans, stóra, rúmgóða og kyrra, eru alsettir fagurbundnum bókum; og er hann þess víst maklegur, heiðurskarlinn, að vel fari um hann. Bróðir á hann, sem Archibald heitir, og herraður hefir verið; er hann líka jarðfræðingur og jafnvel öllu meira metinn í þeim hóp en bróðirinn. Til þess er tekið um báða þá bræður, hve vel þeir riti ensku. Það lítur annars svo út, sem af náttúrufræðingum séu að tiltölu flestir jarðfræðingar vel pennafærir. Mætti ef til vill að einhverju leyti rekja þetta til þess, að jarðfræði er nokkurs konar saga; en af fræðimönnum eru sagnfræðingar einna pennafærastir. Sagnfræðingarnir Snorri Sturluson, Gibbon, Macaulay, Carlyle og Mommsen eru, eins og kunnugt er, í röð helztu rithöfundna, sem hafa verið uppi. Af jarðfræðingum mætti auk bræðranna Geikie nefna jafnágætlega ritfæra menn eins og Leopold v. Buch, E. Guess og A. Penck, og eftirtektarvert er það, að pennafærasti Íslendingurinn, sem lifað hefir síðan á 13. öld, var jarðfræðingurinn Jónas Hallgrímsson. Ég er nú raunar ekki viss í, að þessir tveir Íslendingar á 13. öld, sem ég á við, hafi verið ritfærari en Jónas, en þeir nutu sín betur. Fáir munu líka verða til að andmæla því, að jarðfræðingurinn Þorvaldur Thoroddsen sé einn af heldri rithöfundum íslenzkum, og segi ég það ekki af því, að mér finnist ekki alllangt bil milli hans og Jónasar, hvað ritlist snertir.

Mál þetta er orðið svo langt, að ég verð að sleppa ýmsu, sem um Edinborg átti að standa. Lesandinn mun hugga sig við það, að hann fari ekki mikils á mis.